

Laugardaginn 23. apríl 1994.

Nr. 5/1994.

**Vinnuveitendasamband Íslands  
f.h. Flugleiða hf.**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands  
f.h. Flugvirkjafélags Íslands**

(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Ólögmet vinnustöðvun. Yfirvinnubann.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkflugvelli, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16A, Reykjavík, f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að verkfall stefnda, Flugvirkjafélags Íslands, hjá Flugleiðum hf. sem boðað var af stefnda með bréfi dags. 15. apríl 1994 og koma á til framkvæmda kl. 05:00 mánudaginn 25. apríl 1994 verði dæmt ólögmett.
2. Að yfirvinnubann stefnda sem kom til framkvæmda hjá Flugleiðum hf. þann 15. apríl 1994 verði dæmt ólögmett.
3. Að stefndi Flugvirkjafélag Íslands verði dæmdur til greiðslu sektar.
4. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Flugvirkjafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda, en komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að kjarasamningur hafi komist á milli aðila 28. júlí 1993, er gerð sú krafa til vara, að honum sé vikið til hliðar sem kjarasamningi, og samningurinn hafi einungis gildi sem einkaréttarlegur samningur milli aðila. Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa stefnda.

Mál þetta var þingfest hinn 19. apríl sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 21. apríl sl.

*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Stefnandi kvæður málsatvik vera þau, að aðilar hafi gert með sér samkomulag þann 28. júlí 1993. Samkomulag þetta hafi verið samþykkt á félagsfundi stefnda að kvöldi sama dags og af framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins 17. ágúst 1993. Með samkomulaginu hafi kjaradeila aðila verið til lykta leidd og hafi stefndi í framhaldi af því aflétt yfirvinnubanni hjá Flugleiðum hf.

Forsaga fyrrgreinds samkomulags sé að kjarasamningur aðila hafi runnið út í lok árs 1992. Stefndi hafi lagt fram kröfugerð þann 16. mars 1993 og krafist verulegra kauphækkana m.a. með tilvísun til þess að félagsmenn hans hefðu orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu vegna samkomulags aðila um uppbyggingu viðhaldsþjónustu hér á landi, en byrjað hafi verið að greiða laun samkvæmt því við flutning starfseminnar í nýtt flugskýli í byrjun árs 1993. Nokkrir samningafundir hafi verið haldnir með aðilum og deilunni síðan verið vísað til ríkissáttasemjara ásamt öðrum kjaradeilum aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands. Stefndi hafi talið samningaviðræður Alþýðusambands Íslands sér óviðkomandi og hafi þann 19. maí 1993 boðað þriggja daga verkfall er koma skyldi til framkvæmda viku síðar. Alþýðusamband Íslands hafi síðan gert kjarasamninga vegna aðildarfélaga sinna þann 21. sama mánaðar án kauphækkana og skyldu þeir gilda til ársloka 1994. Allar tilraunir til viðræðna við stefnda hafi verið árangurslausar. Stefndi hafi síðan afboðað verkfallið þar sem hann hafi talið að komið gæti til setningar bráðabirgðalaga gegn því.

Nokkrir samningafundir hafi síðan verið haldnir fyrst hjá ríkissáttasemjara en síðan án milligöngu hans. Af hálfu stefnanda hafi komið skýrt fram að ekki væri hægt að ljá máls á neinum launabreytingum, nema sem lið í hagræðingaraðgerðum, sem báðir aðilar hefðu hag af. Stefndi hafi þá boðað yfirvinnubann frá 10. júlí 1993. Kjarasamningur hafi hins vegar tekist með aðilum þann 26. júlí 1993. Í samningnum hafi verið samið um samstarf um könnun möguleika á afkastahvetjandi launakerfi, samvinnu um erlend verkefni, verkfæraperinga og nokkur önnur atriði. Samningur þessi hafi verið felldur á félagsfundi daginn eftir. Þann 28. júlí 1993 hafi formaður stefnda og starfsmannastjóri Flugleiða hf. náð samkomulagi

sem að meginefni til sé samhljóða fyrrgreindum samningi. Bætt hafi verið inn atriðum svo sem um úttekt á lífeyrissjóði stefnda, að stefndi heiti því að ekki komi til vinnustöðvunar í nokkurri mynd í erlendum verkefnum eða verkefnum fyrir þriðja aðila og nánari skilgreining á því hvenær inna skyldi af hendi greiðslur til verkfæra-kaupa. Þá hafi einnig verið sett inn ákvæði um að yfirfara skuli heildarkjarasamninginn og gefa hann út með áorðnum breytingum. Sleppt hafi verið úr textanum ákvæði um gildistíma og uppsögn en jafnframt hafi verið frágengið með aðilum að með samkomulaginu væri tryggt að unnið yrði samkvæmt kjarasamningum aðila truflunarlaust með sama hætti og gerðist annars staðar á vinnumarkaðinum.

Síðan þá hafi verið unnið samkvæmt samkomulaginu og nú sé verið að kanna útfærslu á afkastahvetjandi launakerfi í samræmi við það. Friður hafi þannig verið milli aðila þó áhersla hafi verið lögð á það af hálfu formanns stefnda að finna þyrfti lausnir sem gætu skilað flugvirkjum kjarabótum sem allra fyrst. Hinn 12. febrúar 1994 hafi Flugleiðum hf. hins vegar borist bréf frá stefnda þar sem mótmælt sé kjarasamningi sem gerður hafi verið við Félag íslenskra atvinnuflugmanna í desember 1993 og lýst sé fullri ábyrgð á hendur stjórnendum Flugleiða hf. um afleiðingar sem þetta gæti leitt af sér. Í kjölfar þess hafi stefndi tilkynnt að kosin hafi verið samninganefnd og óskað eftir viðræðum við stefnanda. Starfsmannastjóri Flugleiða hf. hafi þá þegar tjáð formanni samninganefndarinnar að stefnandi liti svo á að í gildi væri kjarasamningur milli aðila. Stefnandi væri hins vegar ávallt tilbúinn til að ræða við stefnda sem og önnur félög starfsmanna um hagræðingu sem gæti komið báðum aðilum til góða.

Haldnir hafi verið tveir viðræðufundir með aðilum. Á fyrri fundinum sem haldinn var 12. apríl 1994 hafi stefndi lagt fram kröfugerð þar sem farið sé fram á kauphækkunir sem skipti tugum prósentu. Stefnandi hafi þá ítrekað að í gildi væri kjarasamningur milli aðila og væri vinnu við ábataskiptakerfi það sem þar hafi verið samið um ekki lokið. Stefnandi hafi lýst sig sem fyrr tilbúinn til viðræðna um hugsanleg hagræðingaratriði. Annar fundur hafi síðan verið haldinn sl. föstudag, 15. apríl 1994, þar sem möguleg hagræðingaratriði hafi verið rædd. Hafi honum lokið án þess að til tíðinda drægi eða minnst væri á aðgerðir af neinu tagi. Hafi aðilar orðið ásáttir um að

hafa samband sín á milli strax eftir helgina til að ákveða annan fund í þeirri viku. Fulltrúum stefnanda til mikillar furðu hafi þeim borist þau tíðindi þegar þeir komu út af fundinum að boð hefðu komið frá samninganefnd stefnda, væntanlega í fundarhléi, um að yfirvinna yrði ekki unnin eins og áætlað var hvorki þann dag, föstudag, né laugardag, daginn eftir. Í samræmi við þau boð hafi félagsmenn stefnda gengið út við lok dagvinnutíma kl. 15:30. Klukkan 15:43 þennan sama dag hafi stefnanda borist verkfallsboðun. Þar hafi komið fram að stjórn og trúnaðarmannaráð hafi á fundi sínum þann 13. apríl 1994 samþykkt að boða til vinnustöðvunar félagsmanna sinna hjá Flugleiðum hf. frá kl. 05:00 mánudaginn 25. apríl til kl. 20:00 laugardaginn 30. apríl 1994 til að knýja á um gerð nýs kjarasamnings. Stefnandi hafi samdægurs mótmælt lögmati vinnustöðvunarinnar sem broti á friðarskyldu samkvæmt gildandi samningi. Jafnframt hafi verið skorað á stefnda að afturkalla boðaðar aðgerðir sem og fyrrgreint yfirvinnubann að öðrum kosti yrði málinu skotið til úrlausnar dómstóla. Stefndi hafi ekki orðið við þeirri áskorun og sé málsókn þessi því óhjákvæmileg.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga. Byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun stefnda sé brot á friðarskyldu samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila og II. kafla laga nr. 80/1938 og sé því ólögmat.

Með samkomulagi aðila þann 28. júlí 1993 hafi komist á kjarasamningur milli þeirra. Samningur þessi sem gerður hafi verið með venjulegum fyrirvara hafi hlotið afgreiðslu beggja samningsaðila. Með því sé stefnandi bundinn friðarskyldu á samningstímanum og því óheimilt að boða til verkfalls eða annarra aðgerða til stuðnings kröfum sínum. Þó samningstíminn hafi ekki verið tilgreindur sérstaklega í samningnum hafi það verið skilningur aðila að þeir væru að gera samkomulag með sama gildistíma og almennir kjarasamningar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, þ.e. til ársloka 1994. Í ljósi aðstæðna hafi aðilum hins vegar ekki þótt rétt að taka það fram berum orðum í samningnum. Verði ekki fallist á þann skilning sé ljóst að um gildistíma samningsins fari samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938.

Ljóst sé þegar litið sé til aðdraganda og tilgangs samningsgerðar-

innar að með samkomulagi þessu hafi verið bundinn endi á kjaradeilu aðila og samningar framlengdir samkvæmt venju. Því til sönnunar megi benda á að í framhaldi af samþykkt samkomulagsins hafi stefndi aflétt yfirvinnubanni því sem hann hafði sett á til að knýja á um gerð nýs kjarasamnings. Þá bendir stefnandi á að í samkomulaginu sé ákvæði um að yfirfara skuli heildarkjarasamninginn og gefa hann út með áorðnum breytingum. Til lítils væri að gefa út samning sem ekki væri í gildi. Hafi það ekki verið tilgangur aðila að binda samninga og þeir talið sig óbundna af friðarskyldu á gildistíma samningsins hefði það þurft að koma skýrt fram í samningnum sjálfum. Enginn slíkur fyrirvari hafi verið gerður.

Stefnda hafi ekki dulist að stefnandi hafi litið svo á að stofnast hafi gildur og bindandi kjarasamningur milli aðila. Um þetta sé réttarágreiningur milli aðila og hafi stefndi ekki reynt að fá úr þeim ágreiningi skorið áður en boðað hafi verið til vinnustöðvunar og brjóti það gegn meginreglu 17. gr. laga nr. 80/1938.

Þá er á því byggt af hálfu stefnanda að engar slíkar breytingar hafi orðið á samningstímanum að forsendur fyrir samkomulaginu hafi brostið. Stefnandi hafi verið fús til viðræðna við stefnda á sama grundvelli og félög annarra starfsmanna um ábataskipti á grundvelli hagræðingaradgerða. Slíkar viðræður hafi staðið yfir þegar stefndi hafi skyndilega tilkynnt verkfallsboðun. Um almennar launabreytingar umfram ábataskipti hafi ekki verið samið við önnur stéttarfélag starfsmanna.

Önnur krafa stefnda styðst við sömu rök en auk þess er byggt á því að ekki hafi verið gætt ákvæða 15. og 16. gr. laga 80/1938 um ákvarðanatöku og boðun yfirvinnubanns þess sem kom til framkvæmda þann 15. apríl 1994. Félagsmenn stefnda hafi sameiginlega og í þeim tilgangi að fylgja eftir kröfum sínum neitað að vinna yfirvinnu umræddan dag og laugardaginn næstan á eftir eins og til hafi verið ætlast. Neitun þessi hafi verið að boði stefnda.

Um sektarkröfuna vísast til 70. gr., sbr. 65. gr. l. 80/1938.

Þá er áskilinn réttur til að krefja um skaðabætur í sérstöku máli vegna þess tjóns sem hljótast kann af hinni ólögmætu verkfallsboðun. Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Málavaxtalýsing stefnda.*

Flugvirkjafélag Íslands hafi átt í kjaradeilu við Flugleiðir hf. um langt skeið. Samningar aðila hafi runnið út í lok árs 1992 og hafi félagið lagt fram kröfugerð dags. 15. febrúar 1993. Þrátt fyrir nokkra samningafundi vorið 1993 hafi ekki náðst samkomulag og hafi félagið þá boðað til þriggja daga verkfalls, sem koma skyldi til framkvæmda 27. maí 1993. Áður en að því kom hafi félagið aflýst verkfallinu. Í framhaldi af þessu hafi verið haldnir nokkrir fundir með aðilum án þess að árangur næðist og hafi FVFÍ boðað yfirvinnubann frá 10. júlí 1993. Þann 26. júlí 1993 hafi verið undirritað hjá ríkissáttasemjara samkomulag aðila í tveimur liðum, annars vegar hafi verið um að ræða kjarasamning, þar sem kveðið hafi verið á um að kjarasamningur aðila framlengdist óbreyttur til 31. 12. 1994 og með sömu uppsagnarákvæðum og í samningi ASÍ og VSÍ, og hins vegar hafi verið um að ræða samstarfssamning í 6 liðum. Þar hafi verið kveðið á um samstarf aðila aðallega við upptöku á afkastahvetjandi launakerfi. Þessi samningur hafi verið felldur á félagsfundi flugvirkja þann 27. júlí 1993. Daginn eftir, þann 28. júlí 1993, hafi formaður Flugvirkjafélagsins og starfsmannastjóri Flugleiða átt fund. Hafi starfsmannastjóri Flugleiða hf. tilkynnt ríkissáttasemjara þann dag símleiddis að ótímabundið samkomulag hefði náðst milli fyrirtækisins og FVFÍ, og væri því engin ástæða til frekari afskipta sáttasemjara af málinu. Samkomulagið sem náðist þann 28. júlí 1993 hafi verið borið upp á félagsfundi þann 29. júlí 1993 og verið samþykkt af hálfu félagsins. Í framhaldi af því hafi verið samþykkt að aflýsa yfirvinnubanni flugvirkja hjá Flugleiðum hf. Samkomulagið hafi verið í 8 liðum, og að verulegu leyti byggt á samstarfssamningi sem aðilar höfðu gert og felldur hafði verið daginn áður, en kjarasamningurinn hafði verið felldur út úr samkomulaginu.

Aðilar hafi unnið eftir þessu samkomulagi um að kanna útfærslu á afkastahvetjandi launakerfi og fleiru, en ekki hafi verið gengið frá samningi um það launakerfi. Þegar ljóst hafi verið að Flugleiðir hf. höfðu gert kjarasamning við flugmenn í desember sl. sem fól það meðal annars í sér að flugmenn færu inn á verksvið flugvirkja hafi flugvirkjar mótmælt með bréfi dags. 12. febrúar 1994 og lýstu fullri ábyrgð á hendur Flugleiðum hf. Í bréfi Flugleiða hf. dags. 9. mars 1994 hafi fyrirtækið lýst því yfir að verulegs misskilnings gætti með

aðilum. Í kjölfar þessa hafi FVFÍ kosið samninganefnd og óskað eftir viðræðum við Flugleiðir hf.

Á viðræðufundi 12. apríl 1994 hafi starfsmannastjóri stefnanda lýst þeirri skoðun sinni að í gildi væri kjarasamningur milli aðila, en fulltrúum Flugvirkjafélagsins hafði ekki verið þessi afstaða ljós fyrr en þá. Fundur í stjórn og trúnaðarráði félagsins hafi samþykkt 13. apríl 1994 verkfallsboðun og hafi verið ákveðið að verkfall flugvirkja hjá Flugleiðum hf. skuli hefjast kl. 05.00 mánudaginn 25. apríl 1994 og standa til kl. 20.00 laugardaginn 30. apríl 1994. Þessi verkfallsboðun hafi verið tilkynnt þann 15. apríl 1994 kl. 15.43. Þann dag hafi aðilar átt annan viðræðufund, sem hafi orðið árangurslaus. Flugleiðir hf. hafi stefnt Flugvirkjafélaginu fyrir Félagsdóm vegna verkfallsboðunar félagsins með stefnu útgefinni 18. apríl 1994. Áður en að þingfestingu málsins kom, þann 19. apríl 1994, hélt ríkissátta-semjari samningafund með aðilum, sem einnig varð árangurslaus.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að verkfallsboðun stefnda sé brot á friðarskyldu samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila og II. kafla laga nr. 80/1938 og sé því ólögmæt.

Þessu er mótmælt. Enginn kjarasamningur sé í gildi með aðilum. Kjarasamningar hafi runnið út um áramót 1992 og nýir kjarasamningar hafi ekki komist á síðan þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnda til að koma á slíkum samningum. Kjarasamningur sem borinn var undir félagsfund 27. júlí 1993 hafi verið felldur. Það samkomulag sem gert hafi verið og staðfest á félagsfundi stefnda þann 29. júlí 1993 sé ekki kjarasamningur. Þar sé um að ræða samkomulag um samstarf aðila til að vinna að tilteknum málum, sem þar séu tilgreind. Stefndi telur það samkomulag vera í fullu gildi sem slíkt, en það eigi ekkert skylt við kjarasamning skv. ákvæðum l. nr. 80/1938.

Með samanburði á kjarasamningi og samstarfssamningi þeim, sem felldur hafi verið á félagsfundi 27. júlí 1993 og samkomulagi aðila dags. 28. júlí 1993 komi skýrt í ljós að síðara samkomulagið byggir á fyrra skjalinu að öðru leyti en því að búið er að fella út kjarasamning aðila, og eingöngu gert samkomulag um samstarfssamning. Þarna komi í ljós sá ásetningur aðila að þetta samkomulag yrði ekki kjarasamningur og hefði ekki gildi sem slíkt. Þessi skilningur komi vel fram í fundargerð stefnda dags. 29. júlí 1993, þar sem formaður stefnda, sem hafi verið eini fulltrúi stefnda sem tekið hafi þátt í gerð

samkomulagsins, hafi lýst breytingum á þessum tveimur samningum þannig að:

„nú væri ekki uppi á borðinu kjarasamningur heldur samkomulag til að aflétta yfirvinnubanni flugvirkja ... aðalbreytingarnar voru fólgnar í því að nú var ekki um kjarasamning að ræða heldur samkomulag milli aðila ...“

Samkomulagið sé í 8 liðum og hafi engan sérstakan gildistíma. Þar sé á einum stað kveðið á um að aðilar setji á stofn nefnd, sem kanni möguleika og upptöku afkastahvetjandi launakerfa. Þar sé líka fjallað um úttekt á Lífeyrissjóði stefnda, um samvinnu aðila um erlend verkefni og um samstarfsnefndafundi. Allir þessi þættir lúti að samstarfi aðila og beri engin einkenni kjarasamningsákvæða. Í samkomulaginu séu einnig áréttuð atriði, sem nú þegar séu í kjarasamningi aðila en hafi valdið túlkunarágreiningi. Áttundi töluliður um að aðilar séu sammála um að yfirfara heildarkjarasamninginn og gefa hann út með áorðnum breytingum verði alls ekki skilinn þannig að kjarasamningur sé í gildi með aðilum. Algengt sé að samningsaðilar geri um það samkomulag að koma skikki á kjarasamninga með því að yfirfara þá, fella inn í texta ný ákvæði og lagfæra önnur. Þessi vinna þurfi alls ekki að tengjast með neinum hætti því að í gildi sé samningur milli aðila.

Þetta samkomulag hafi ekki verið tilkynnt embætti ríkissáttasemjara, svo sem 4. gr. l. nr. 33/1978 mæli fyrir um að gert skuli við kjarasamninga, sbr. dóm Félagsdóms 26. október 1992 í málinu ASÍ f.h. Mál- og skipasmiðasambands Íslands vegna Félags málmíðnaðarmanna Akureyri gegn VSÍ f.h. Málms, samtaka fyrirtækja í mál- og skipaiðnaði, þar sem kjarasamningur var ekki talinn bindandi meðal annars vegna þess að hann hafði ekki verið tilkynntur embætti ríkissáttasemjara.

Þar sem samkomulagið fól í sér ákveðna niðurstöðu í ýmsum ágreiningsmálum aðila hafi verið eðlilegt að yfirvinnubanni væri aflýst og er því mótmælt að sá verknaður að aflétta verkfalli eða yfirvinnubanni þýði að aðilar hafi gert kjarasamning. Stéttarfélag hafi fullt forræði á því hvornig það beitir ákvæðum 2. kafla laga nr. 80/1938 og geti afturkallað aðgerðir að eigin frumkvæði hvenær sem er.

Stefnda hafi ekki verið ljóst fyrr en á fundi aðila 12. apríl 1994 að það væri skilningur stefnanda að kjarasamningur væri í gildi. Það sé



í andstöðu við það sem aðilum hafi farið á milli við gerð samkomulagsins þann 28. júlí 1993, en þá hafi þess verið sérstaklega gætt að samkomulagið væri ekki kjarasamningur. Ýmislegt bendi til þess að það hafi einnig verið skilningur stefnanda að umdeilt samkomulag hafi ekki verið kjarasamningur. Í blaðagreinum vegna samkomulagsins komi hvergi fram að um kjarasamning hafi verið að ræða, og alls staðar talað um samkomulag. Sú staðreynd að stefnandi hafi tekið við kröfugerð og fallist á samningaviðræður við aðila bendi ótvírætt til þess að stefnandi hafi talið samninga lausa.

Annar liður í kröfugerð stefnanda lúti að yfirvinnubanni. Stefndi hafi ekki lýst yfir neinu yfirvinnubanni og mótmælir því alfarið þessari kröfu. Engin skylda sé samkvæmt kjarasamningi aðila að vinna yfirvinnu, og hverjum og einum starfsmanni í sjálfsvald sett hvort hann vinni yfirvinnu eða ekki. Það hvort einstakur starfsmaður kærir sig ekki um að vinna yfirvinnu sé alfarið hans mál og félaginu með öllu óviðkomandi. Samkvæmt 8. gr. 1. nr. 80/1938 beri stéttarfélag ábyrgð á samningsrofum þeim sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerist sekir um, en ekki á samningsrofum einstakra meðlima sinna. Eins og að framan sé greint hafi stefndi ekki boðað neitt yfirvinnubann og sé krafa stefnanda því tilhæfulaus.

Varakrafa stefnda er byggð á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að kjarasamningur hafi stofnast með aðilum með samkomulaginu sem gert hafi verið 28. júlí 1993 er þess krafist að honum sé vikið til hliðar sem kjarasamningi og hafi einungis gildi sem einkaréttarlegur samningur aðila. Svo sem fram komi í fundargerð félagsfundar þann 29. júlí 1993 hafi félagsmönnum verið talin trú um það að þeir væru ekki að gera kjarasamning og formaður stefnda hafi verið í þeirri trú, þegar hann hafi gert samkomulagið að það hefði ekki gildi sem kjarasamningur. Hér eigi því við þau sjónarmið sem lýst er í 36. gr. samningalaga, einkum 2. mgr., þar sem líta ber til stöðu aðila og atvika við samningagerð. Tekið er fram að starfsmannastjóri Flugleiða hf. sé lög-lærður, en formaður FVFI ekki.

Í samkomulaginu sé ekki tekið fram að kjarasamningar aðila framlengist. Það sé því í hæsta máta óeðlilegt að hægt sé að binda félag friðarskyldu ótímabundið með því að gera samkomulag um örfá atriði, sem lúti að samskiptum aðila.

Þar sem enginn kjarasamningur sé í gildi milli aðila hafi stefnda verið fullkomlega heimilt að boða til vinnustöðvunar til að fylgja eftir kröfum sínum í kjaradeilu aðila. Ákvörðun um verkfallsboðun hafi verið tekin á löglegum fundi stjórnar og trúnaðarráðs sem haldinn var 13. apríl 1994, svo sem fundargerð beri með sér. Í trúnaðarráði eigi sæti 11 manns, 5 stjórnarmenn, 2 varastjórnarmenn og 4 trúnaðarráðsmenn. Níu manns hafi verið á fundinum.

Stefnandi gerir kröfu um að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu vegna verkfallsboðunarinnar. Þegar af þeirri ástæðu að stefndi hefur farið að lögum við boðun verkfallsins beri að hafna þessari kröfu stefnanda.

Krafa stefnda um málskostnað styðjist við 130. gr. eml.

Að mati stefnda leiða allar framangreindar málsástæður og laga-rök til þess að taka ber sýknu- og málskostnaðarkröfu hans til greina.

Gefið hafa skýrslur fyrir dóminum, Már Gunnarsson, starfsmannastjóri Flugleiða hf., Baldur Bragason, yfirflugvirki, Ragnar Kjærnested, flugvirki, Hálfván Hermannsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands og Ragnar Karlsson, flugvirki.

*Niðurstaða.*

Um kröfulið nr. 1.

Úrlausn um lögmati verkfalls flugvirkja, sem á að hefjast 25. apríl 1994, veltur á því hvort í gildi sé bindandi kjarasamningur milli málsaðila.

Kjarasamningur aðila rann út í árslok 1992. Var samningurinn laus allan fyrrihluta ársins 1993. Stefndi, Flugvirkjafélag Íslands, lagði fram kröfur 16. mars 1993. Í kjölfarið fylgdu samningaviðræður, aðallega á vegum ríkissáttasemjara, sem báru ekki árangur. Til að fylgja eftir kröfum sínum boðaði Flugvirkjafélag Íslands til ótímabundins yfirvinnubanns, sem hófst 10. júlí 1993. Kjaradeilunni lyktaði svo með samkomulagi gerðu 28. júlí 1993, sem báðir aðilar staðfestu. Um þýðingu þess samkomulags er ágreiningur í málinu.

Framangreint samkomulag er í átta liðum. Að hluta til er þar ótvírætt um kjaatriði að ræða svo sem að því er tekur til verkfæra-peninga, greiðslu fyrir mætingar í Reykjavík og fæðishlunninda. Að öðru leyti fjallar samkomulagið um samstarfsfyrirætlanir aðila varðandi afkastahvetjandi launakerfi, lífeyrissjóðsmál og erlend verk-feni, en öll þessi atriði tengjast kjarahagsmunum í víðtækum skiln-

ingi. Í niðurlagi samkomulagsins lýsa aðilar sig sammála um að yfirfara heildarkjarasamninginn og gefa hann út með áorðnum breytingum, væntanlega einnig með þeim breytingum, sem samkomulagið hafði í för með sér.

Líta verður svo á að framangreint samkomulag sé bæði að efni og formi gildur kjarasamningur, sem feli í sér framlengingu á síðastgildandi heildarkjarasamningi málsaðila. Svo sem málavöxtum er háttað mátti stefnda vera ljóst að stofnað var til þessa gernings af hálfu stefnanda í trausti þess að skapa vinnufrið til frambúðar, enda var yfirvinnubanni stefnda aflýst um leið og samkomulagið var staðfest á félagsfundi 29. júlí 1993. Ekki verður fallist á að ákvæði 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 eigi við um þetta samkomulag aðila og ber því að hafna varakröfu stefnda.

Sá annmarki er á samkomulaginu frá 28. júlí 1993 að þar er hvorki getið um gildistíma né uppsagnarfrest. Stefnandi, Flugleiðir hf., lítur svo á að samkomulagið eigi að gilda til ársloka 1994 eins og almennir kjarasamningar í landinu. Á þetta verður ekki fallist því að Flugvirkjafélag Íslands felldi á fundi 27. júlí 1993 tillögu að nýjum kjara- og samstarfssamningi þar sem lagt var til að kjarasamningur aðila framlengdist til 31. desember 1994. Líta verður svo á, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1938, að samkomulagið frá 28. júlí 1993, sem fól í sér framlengingu heildarkjarasamnings, gildi í eitt ár eða til 28. júlí 1994 og sæti þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt þessu er kjarasamningur nú í gildi milli málsaðila. Óheimilt er að knýja fram breytingar á honum með verkfalli meðan svo standa sakir. Ber því að fallast á þá kröfu stefnanda að verkfall stefnda, Flugvirkjafélags Íslands, sem boðað var 15. apríl 1994 og koma á til framkvæmda kl. 05:00 mánudaginn 25. apríl 1994, sé ólöglegt.

Um kröfulið 2.

Frá og með föstudeginum 15. apríl 1994 hafa flugvirkjar neitað því að vinna yfirvinnu hjá Flugleiðum hf. Hefur þessi óvænta neitun valdið erfiðleikum í flugrekstrinum. Flugvirkjar hafa ekki gefið neina skýringu á þessari afstöðu sinni aðra en þá að hverjum flugvirkja fyrir sig sé frjálst að ákveða hvort hann tekur að sér yfirvinnustörf eða ekki. Augljóst er að hér er um samantekin ráð flugvirkja að tefla, sem tengjast kjaradeilu málsaðila, en flugvirkjar hættu að mæta til yfirvinnu sama dag og Flugvirkjafélag Íslands tilkynnti fyrirhugað verkfall hjá Flugleiðum hf. Á hinn bóginn er ekki

nægilega sannað að Flugvirkjafélag Íslands hafi átt hlut að þessum aðgerðum eða hvatt til þeirra og því verður ekki hjá því komist að sýkna stefnda af þessari kröfu stefnanda.

Ekki þykja efni til að dæma stefnda, Flugvirkjafélag Íslands, til greiðslu sektar og ber að sýkna af þeirri kröfu stefnanda.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 90.000,-.

#### D ó m s o r ð:

Verkfall stefnda, Flugvirkjafélags Íslands, hjá stefnanda, Flugleiðum hf., sem boðað var af stefnda með bréfi dags. 15. apríl 1994 og koma á til framkvæmda kl. 05:00 mánudaginn 25. apríl 1994, er ólögmaett.

Stefndi skal vera sýkn af kröfu stefnanda um að tilgreint yfirvinnubann, sem hófst 15. apríl 1994, verði dæmt ólögmaett.

Stefndi á að vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda kr. 90.000,- í málskostnað.

---